

25. stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins mánudaginn 13. febrúar 2012 og hófst kl. 20.00.

Mætt: Sigurjón Pétursson, Kári Rafn Karlsson, Guðjón Hafliðason, Hulda Pjetursdóttir, Auðunn Jónsson og Óskar Ingi Víglundsson.

Fjarverandi: Gry Ek Gunnarsson og Birgir Viðarsson.

Þetta gerðist.

1. Sigurjón setti fundinn en þetta er fyrsti fundur eftir ársþing KRAFT, sem haldið var þ. 28. janúar sl. Að því tilefni bauð hann nýja stjórnarmenn þá Huldu Pjetursdóttur úr Gróttu og Óskar Inga Víglundsson úr UMFN Massa velkomna í hóp stjórnarmanna. Einnig flutti hann kveðjur frá Gry Ek Gunnarsson ritara stjórnar en vegna læknisáðgerðar boðaði hún forföll.
2. **Afreksstefna.** Sigurjón greindi frá þeirri stefnu stjórnar Afrekssjóðs og Sjóðs ungra og efnilegra íþróttamanna að við næstu úthlutun yrði gert að skilyrði að viðkomandi sérsamband hefði sett fram skriflega afreksstefnu. Því þyrfti að ráðast í gerð slíkrar stefnu fyrir KRAFT nú. Nk. miðvikudag frá kl. 15:00 til 19:00 verður haldið málþing fyrir sérsamböndin um setningu afreksstefnu. Samþykkt að Guðjón, Hulda og Auðunn sæktu málþingið fyrir hönd KRAFT.
3. **Mótareglur – endurskoðun.** Á sl. 3 fundum stjórnar hefur verið unnið í endurskoðun mótareglna. Þær voru kynntar á ársþinginu þ. 28. janúar og komu þá fram góðar ábendingar sem felldar hafa verið inn í hinar nýju reglur. Stjórnin samþykkti tillöguna eins og hún lá fyrir fundinum.
4. **Landsliðsmál.** Kári lagði fram og kynnti niðurstöður útreikninga á þeim lágmarkum sem þarf að ná til að koma til greina í landsliðið í kraftlyftingum og þar sem að keppa fyrir hönd Íslands á erlendri grundu. Stjórnarmenn hrósuðu Kára fyrir þetta framlag sem auðveldar valið í landsliðið og gerir það gegnsætt, réttlátt og hlutlægt. Guðjóni, Auðunni og Kára falið að vinna nafnalista upp úr upplýsingunum þannig að hægt verði að ganga endanlega frá skipun landsliðs KRAFT fyrir árið 2012. Lágmarkin verða birt á kraft.is þannig að kraftlyftingafólk getur í framtíðinni séð hvaða lágmarkið viðkomandi þarf að ná svo hann komi til greina í landsliðið.
5. **Þjálfun og þjálfaramál.** Sigurjón skýrði frá viðræðum sem hann og Gry áttu við landsliðsþjálfara Noregs Dietmar Wolf í janúar sl. en hann kom sem gestur á Reykjavíkurléikana. Dietmar hefur séð um að byggja upp heildstætt kerfi fyrir þjálfun kraftlyftingamanna í Noregi. Í kjölfar viðræðnanna hefur Dietmar sent KRAFT bréf þess efnis að allt það efni og kerfi sem Norðmenn nota sé aðgengilegt fyrir íslenska kraftlyftingamenn og að hann sé tilbúinn að koma hingað í júní/júlí og síðan næsta vetur til að halda námskeið fyrir íslenska þjálfara í kraftlyftingum. Stjórnin samþykkti að ganga að tilboði Dietmars og að fela fræðslunefnd framkvæmd málsins.
6. **Dómaranámskeið.** Skv. nýsamþykktum mótareglum skal stjórn KRAFT gangast fyrir a.m.k. einu dómaraþrófi ár hvert. Stjórn KRAFT skal einnig gangast fyrir upprifjunarnámskeiði fyrir dómara a.m.k. á tveggja ára fresti. Samþykkt að fela dómaranefnd það verkefni að dómaraþróf svo og upprifjunarnámskeið verði haldin á árinu.
7. **Nefndaskipan.**
  - a. **Mótanefnd:** Birgir Viðarsson hefur verið formaður nefndar og var hann endurkjörinn. Birgir fær til liðs við sig tvo nefndarmenn og tilkynnir valið fyrir

næsta fund stjórnar.

- b. **Fræðslunefnd:** Gry hefur verið formaður og var hún endurkjörin. Gry fær til liðs við sig tvo nefndarmenn og tilkynnir valið fyrir næsta fund stjórnar. Verkefni nefndarinnar er m.a. að koma upp hópi menntaðra þjálfara og þjálfunaráætlana og nýta m.a. í því sambandi þá aðstoð sem Dietmar Wolf landsliðsþjálfari Noregs býður okkur.
  - c. **Dómaranefnd:** Helgi Hauksson hefur verið formaður nefndarinnar og var hann endurkjörinn. Helgi fær til liðs við sig tvo nefndarmenn og tilkynnir valið fyrir næsta fund stjórnar. Verkefni nefndarinnar er m.a. að halda utan um og uppfæra dómaraalista, halda dómaraþróf og upprifjunarnámskeið.
  - d. **Útbreiðslunefnd** hefur verið skipuð Sigurjóni Péturssyni og Guðjóni Hafliðasyni og voru þeir endurkjörnir. Stofnun nokkurra nýrra kraftlyftingafélaga er í bígerð og er það verkefni nefndarinnar að fylgja þeim málum eftir og rækta sambandið við núverandi félög.
  - e. **Fjölmiðlanefnd:** Hjalti Árnason hefur verið formaður nefndarinnar og var hann endurkjörinn. Stjórnin áréttar að hvert það félag sem tekur að sér að halda mót á vegum KRAFT skipi fjölmiðlafulltrúa og kynning hvers móts og úrslita þess fyrir fjölmiðlum er hlutverk mótshaldara en ekki KRAFT.
  - f. **Landsliðsnefnd:** Guðjón hefur verið formaður nefndarinnar og var hann endurkjörinn sem formaður nefndar. Guðjón fær til liðs við sig tvo nefndarmenn og tilkynnir valið fyrir næsta fund stjórnar.
  - g. **Fjáröflunarnefnd:** Sigurjón er formaður nefndarinnar. Stjórnin ákvað leggja ekki áherslu á störf þessarar nefndar í bili þar sem fjárhagur sambandsins er með ágætum.
8. **Reglur um setningu Íslandsmeta.** Fulltrúi Breiðabliks mæltist til þess á ársþinginu að stjórnin skoða reglur um setningu Íslandsmeta. Margir tóku til máls og var það greinilegur vilji fundarins að herða reglurnar og tryggja bestu skilyrði við setningu meta. Samþykkt var að beina þeim tilmælum til stjórnarinnar að hún tæki þau sjónarmið, sem fram komu viði við endurskoðun mótareglanna. Skv. mótareglunum, sem nú hafa verið samþykktar á þessum fundi telur stjórnin að brugðist hafi verið við þessum tilmælum með fullnægjandi hætti.
  9. **Sérstök unglínga- og öldungamót.** Birgir Viðarsson, formaður mótanefndar, spurði um skoðun fulltrúa á ársþinginu á að taka upp aftur sérstök unglínga- og öldungamót. Nokkrar umræður urðu um málið og kom fram ábending um að félögin geti sjálf haldið aldurstengd mót. Engin sterk ósk kom fram um að aldursskipta stóru mótunum og var stjórninni falið að fylgjast með þróuninni áfram og skoða t.d. nauðsyn þess að setja lágmark á stærstu mótin. Stjórnin ákvað að fylgjast með þróuninni.
  10. **Námskeið í kraftlyftingum fyrir almenning.** Á ársþinginu var bent á þann möguleika að auglýsa og halda námskeið í kraftlyftingum fyrir almenning. Þetta væri leið bæði til að kynna íþróttina og til að fjölga iðkendum. Stjórnin samþykkti að þetta væri hlutverk félaganna en hún myndi fylgjast með þróuninni.
  11. **Skráningarfyrirkomulag á mót verði tvískipt.** Fulltrúi Breiðabliks bar fram á ársþinginu annað árið í röð ósk um að skráningarfyrirkomulag á mót verði tvískipt þannig að fyrsta skráning er 3 vikur fyrir mót, en lokafrestur til að greiða keppnisgjald og breyta um þyngdarflokk verði 2 vikur. Stjórnin hefur skoðað þetta í tengslum við endurskoðun mótareglna og telur sig hafa tekið tillit til þessara sjónarmiða í hinum nýju mótareglum.
  12. **Óíþróttamannsleg framkoma.** Fulltrúi Héraðssambandsins Skarphéðins gerði á ársþinginu að umtalsefni óíþróttamannslega framkomu sem keppendur Selfoss urðu fyrir í tengslum við ÍM í réttstöðu á Selfossi í desember. Óstaðfestar ásakanir um

lyfjamisnotkun voru bornar fram í kjölfar mótsins. Formaður KRAFT svaraði því til að stjórninni væri kunnugt um málið og teldi ástæðu til að biðja hlutaðeigendum formlega afsökunar f.h. hreyfingarinnar. Beint var þeim tilmælum til fulltrúa allra félaga að sýna samstöðu og réttan íþróttaanda í öllum samskiptum. Stjórnin fjallaði um framangreint mál og vill ítreka þau tilmæli sem fram komu í ársþinginu þess efnis að allir kraftlyftingamenn sýni sanna íþróttaamannslega framkomu og hafi ekki uppi ásakanir eða annað varðandi lyfjamisnotkun. Lyfjaeftirlit er í höndum Lyfjaeftirlits ISÍ og hefur það staðið sig mjög vel, stutt við og veitt íslenskum kraftlyftingamönnum aðhald auk þess að sýna fram á í 30 neikvæðum lyfjaprófum að íslenskir kraftlyftingamenn standa sig mjög vel í þessum efnum og virða lög og reglur.

13. **Viðmið til setja Íslandsmet.** Ítrekað var á ársþinginu að það þurfi að fara yfir viðmið til setja Íslandsmet. Er hér átt við hvort lyfta þurfi meira en viðmiðið segir til um eða þeirri tölu, sem viðmiðið kveður á um. Samþykkt að reglurnar verði óbreyttar. m.ö.o. Lyfta þarf í það minnsta 0,5 kg. meira en viðmiðið kveður á um.
14. **Liðakeppni.** Stjórnin samþykkti að 5 keppendur frá sama félagi gefi stig í liðakeppni á mótum KRAFT svo sem tíðkast hjá IPF.
15. **Starfsskýrslur í Felix.** Skila þarf nú inn starfsskýrslu í Felix. Kári mun ganga frá þessu.
16. **Sala á keppnissetti KRAFT.** Samþykkt að Gry auglýsi sett sem allra fyrst á kraft.is Veittur verði tveggja vikna frestur til að skila inn tilboðum og síðan verði hæsta tilboði tekið.
17. **Reglur varðandi sponsormerkingar á búninga?** Þetta er mál, sem Zetorar tóku upp á formannafundinum sl. haust en stjórn hefur ekki afgreitt enn. Samþykkt að á mótum KRAFT sé félögum frjálst að hafa auglýsingar á búningum sínum svo lengi sem þær séu í samræmi við almennar velsæmisreglur. KRAFT áskilur sér rétt til einnar auglýsingar komi til þess að KRAFT geri heildar stuðningssamning við kraftlyftingar á Íslandi. Á alþjóðlegum mótum gilda reglur IPF.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 22:30

Fundarritari: Sigurjón Pétursson